

Sp.

586. Nefndarálit

[83. mál]

um till. til þál. um undirbúning löggjafar um framleiðslu- og framkvæmdaáætlun þjóðarinnar.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu till. til þál. á þskj. 92.

Ríkisstjórnin er nú að láta semja framkvæmdaáætlun í samræmi við yfirlýsingu, sem gefin var, þegar stjórnin var mynduð.

Engar raddir hafa heyrzt um það, að ríkisstjórnina skorti heimildir að lögum til að láta vinna þetta verk.

Flm. till. ætlast til þess, að 5 manna nefnd undirbúi löggjöf, er kveði á um, „hversu semja skuli“ áætlanir um framleiðslu og framkvæmdir í landinu með tilliti til vaxandi fólksfjölda og jafnvægis í byggð landsins.

Þær áætlanir, sem þarna mun átt við, hljóta að vera mjög margþættar og hægt að vinna að þeim með ýmsu móti og af mörgum aðilum og stofnunum, og yrði án efa vandasamt að einskorða í lögum, hvernig þær skuli semja. Ef slíkar áætlanir eru hins vegar gerðar, þá er svo sjálfsgagt, að þær miðist við alla þjóðina og allt landið, að slíkt þarf naumast að taka fram í sérstökum lögum.

Eftir atvikum teljum við þó rétt, að málið hljóti nánari athugun, og leggjum til, að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 22. marz 1961.

Magnús Jónsson,	Birgir Finnsson,	Jón Árnason.
form.	fundaskr., frsm.	
Guðl. Gíslason.	Jónas G. Rafnar.	